

2. gr.

2. gr. orðist þannig:

Vatnsskattur skv. 1. mgr. skal hlíta eftirfarandi ákvæðum:

- a) Taxi V1 — heimili. Fastagjald kr. 1 600,00 á ári.
- b) Taxi V2 — fiskverkun. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 6,64 á m³ húss og hámarksgjald kr. 13,28 á m³.
- c) Taxi V3 — fiskimjölsverksmiðjur. Fastagjald 0,3% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 6,64 á m³ húss og hámarksgjald kr. 13,28 á m³.
- d) Taxi V4 — annað. Fastagjald 0,15% af fasteignamati, þó verði lágmarksgjald kr. 3,32 á m³ húss og hámarksgjald kr. 6,64 á m³.

3. gr.

3. gr. orðist þannig:

Vatnsveitan leggur til vatnsmæla í hvert hús (hverja íbúð) og skal notandi greiða kr. 19,80 fyrir hvern teningsmetra vatns. Notkunargjald þetta innheimtir Rafveita Vestmannaeyja á tveggja mánaða fresti og annast mælaaflestur.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytinu, 12. febrúar 1987.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Húnbogi Þorsteinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir þjónustu á vegum Heyrnar- og talmeinstöðvar Íslands.

1. gr.

Fyrir hverja lækniiskoðun og heyrnarrannsókn greiði sjúklingur kr. 360,00. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða kr. 140,00. Undanþegnir þessu gjaldi eru allir nemendur Heyrnleysingjaskóla Íslands svo og börn og unglingar að 18 ára aldri, sem reynast það heyrnar-skert að þau þurfi á heyrnartæki að halda.

2. gr.

Fyrir hverja rafhlöðuúthlutun (6 stykki) greiða Elli- og örorkulífeyrisþegar kr. 60,00. Aðrir greiða að fullu nema börn og unglingar, sem eru undanþegin gjaldi sbr. 1. gr.

3. gr.

Gjald fyrir hverja heyrnarrannsókn á vinnustöðum fer samkvæmt samkomulagi við aðila vinnumarkaðarins. Þau skulu þó ætíð standa undir öllum kostnaði stöðvarinnar við þessar mælingar.

4. gr.

Heyrnar- og talmeinstöð Íslands annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá, sem ákveðin er með heimild í 7. gr. laga nr. 35/1980, um Heyrnar- og talmeínastöð Íslands, öðlast gildi frá og með 1. febrúar 1987 að telja. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 17. mars 1986.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 30. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Ingimar Sigurðsson.

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hveragerðis nr. 220, 20. mars 1986, með síðari breytingum.

Liður 2.1 orðist svo:

Til almennrar heimilisnotkunar, svo og til notkunar í sjúkrahúsum, heilsugæslustöðvum, vistheimilum, veitingahúsum, gistihúsum og hliðstæðum stofnunum.

Orkugjald kr. 5,31 kWh

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Iðnaðarráðuneytinu, 20. febrúar 1987.

Albert Guðmundsson.

Guðrún Skúladóttir.

REGLUGERÐ

um afnám banns við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

1. gr.

Pann 24. febrúar 1987 kl. 12:00 á hádegi, er felld úr gildi reglugerð nr. 250 16. maí 1986, um bann við togveiðum á Hornbanka og Reykjafjarðarál.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. febrúar 1987.

F.h.r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eyþórsson.